

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 12. febrúar 2013

Tilvísun: 2013010115HIGK/-

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén

Persónuvernd vísar til tölvubréfs umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 24. janúar 2013 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén (þskj. 528, 421. mál á 141. löggjafarþingi). Einkum er það ákvæði 8. gr. frumvarpsins sem varðar vinnslu persónuupplýsinga og fellur undir verksvið Persónuverndar skv. lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

#### I.

#### *Um 8. gr. frumvarpsins og athugasemdir við það ákvæði*

Í 8. gr. frumvarpsins segir að skráningarstofa skuli halda gagnagrunn með upplýsingum um rétthafa, s.k. rétthafaskrá. Segir í ákvæðinu að skráin skuli innihalda upplýsingar um rétthafa léna viðkomandi íslenskra höfuðléna ásamt upplýsingum um tengiliði þeirra, tæknilegar upplýsingar og vistunaraðila léna. Þá skuli skráningarstofa leitast við að upplýsingar í rétthafaskrá séu ætíð réttar, og að hún verði vistuð með öruggum hætti. Jafnframt skuli skráningarstofa varðveita uppfært afrit af upplýsingum í rétthafaskrá, en einnig segir að afritið skuli vistað hjá aðila er Póst- og fjarskiptastofnun viðurkennir. Skuli sú stofnun hafa fullan aðgang að rétthafaskránni.

Í athugasemdum með framangreindu frumvarpi segir m.a. eftirfarandi um ákvæði 8. gr.

„Rétthafaskrá skal innihalda allar viðeigandi upplýsingar um lén á Íslandi. Undir viðeigandi upplýsingar falla m.a. lágmarksupplýsingar um rétthafa léns, svo sem nafn, kennitala, pósthafang og tölvupósthafang, upplýsingar um tengilið rétthafa, tæknilegan tengilið rétthafa og greiðanda léns, sé



hann annar en réttihafi.[...] Við mið af því hvaða upplýsingar ber að veita, skal líta til ákvörðunar ICANN um WHOIS-gagnagrunn til að tryggja samræmi og heilleika upplýsinga.“

Einnig segir í 5. mgr. 8. gr.:

„Almennar upplýsingar í réttihafaskránni skulu vera aðgengilegar án endurgjalds á almennu IP-fjarskiptaneti, með þeim takmörkunum sem skráningarstofa setur og í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd.“

Í athugasemdum um málgreinina segir:

„Gerð er krafa um að almennar upplýsingar í réttihafaskrá séu aðgengilegar á netinu og skal vera með auðveldu móti kleift að fletta því upp hver sé réttihafi einstaks léns. Réttihafar skulu eiga kost á því að velja hvort upplýsingar á borð við heimilisfang og símanúmer skuli birtar.“

## II.

### *Athugasemdir Persónuverndar*

Persónuvernd leggur til að bætt verði við málgrein í 8. gr. þar sem segir að öll vinnsla persónuupplýsinga skuli vera í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Að öðru leyti gerir Persónuvernd eftirfarandi athugasemdir:

#### *a) Afrit af réttihafaskrá varðveitt hjá þriðja aðila*

Í 4. mgr. 8. gr. segir að afrit af réttihafaskrá verði vistað hjá aðila sem Póst- og fjarskiptastofnun viðurkennir. Persónuvernd leggur áherslu á að Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) geri *vinnslusamning* við slíkan aðila, í samræmi við ákvæði 13. gr. laga nr. 77/2000. Meðal annars verður PFS að ganga úr skugga um, áður en persónuupplýsingar verða afhentar, að umræddur aðili geti uppfyllt skilyrði 11. gr. laganna um öryggi upplýsinganna.

#### *b) Um skráningu persónuupplýsinga í réttihafaskrá*

Varðandi skráningu persónuupplýsinga í réttihafaskrána, sbr. 1. mgr. 8. gr., bendir Persónuvernd á að gæta verður að meðalhófssjónarmiðum, og að ekki verði skráðar meiri upplýsingar en þörf eru á miðað við tilgang skrárinnar. Í athugasemdum við ákvæðið er talað um „lágmarksupplýsingar“. Það er mat Persónuverndar að bæta mætti úr skýrleika ákvæðisins með því að mæla nákvæmlega fyrir um hvaða upplýsingar verði skráðar.

#### *c) Um aðgang að réttihafaskrá*

Um aðgang að upplýsingum í réttihafaskrá, skv. 5. mgr. 8. gr., telur Persónuvernd að gæta verði að almennum sjónarmiðum um meðalhóf, sbr. einnig 3. tölul. 7. gr. laga nr. 77/2000. Verður því að leggja mat á hvort verið sé að veita aðgang að umfangsmeiri upplýsingum en almennings þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar. Þetta hefur einnig verið áréttað í hjálögðu álit 29. gr. hópsins, nr. 2/2003 (bls. 3), en hópurinn sinnir ráðghafarhlutverki um persónuverndarmálefni í EB og hefur m.a. það hlutverk að stuðla að samræmingu í framkvæmd persónuverndarlöggjafar í Evrópu.

Þá er einnig sérstaklega tilgreint í sömu málgrein að „almennar upplýsingar í réttihafaskránni skuli vera aðgengilegar án endurgjalds á almennu IP-fjarskiptaneti“. Varðandi orðalag framangreinds ákvæðis vill stofnunin annars vegar benda á að hvorki í ákvæðinu sjálfu, né í lögskýringargögnum, er skýrt frá því hvað sé átt við með „almennum upplýsingum“ í framangreindum skilningi. Hins vegar bendir stofnunin á að núverandi orðalag um aðgang á





„almennu IP-fjarskiptaneti“ gæti talist villandi, enda ekki skýrt hvað átt sé við með IP-fjarskiptaneti, og því mætti bæta úr skýrleika þessa málsgreinar.

Þá telur Persónuvernd það vera óskýrt hvað átt sé við í athugasemdum þeim sem fylgja með frumvarpinu að réttthafar skuli eiga kost á því að velja hvort upplýsingar „á borð við“ heimilisfang og símanúmer skuli birtar. Telur stofnunin að hér megi löggjafinn tiltaka nákvæmlega hvaða upplýsingar séu undanþegnar aðgangi, enda kunna önnur sjónarmið að eiga við um skráningu upplýsinga um réttthafa í réttthafaskrá en um aðgang almennings að skránni.

Í því augnamiði ber sérstaklega að huga að aðgangi almennings að kennitölum réttthafa, þegar slíkir réttthafar eru einstaklingar, en aðgangur að þeim verður að eiga sér málefnalegan tilgang og vera nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu, sbr. 10. gr. laga nr. 77/2000. Þá segir t.a.m. í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000 um ákvæði 10. gr. að kröfunni um málefnalegan tilgang verði ekki fullnægt nema önnur auðkenni, svo sem nafn, heimilisfang eða viðskiptanúmer, séu ófullnægjandi til að greina á milli einstaklinga. Einnig verði við mat á málefnalegum tilgangi m.a. að líta til þess hvort örugg persónugreining sé mikilvæg vegna almannahagsmuna. Leggur stofnunin því til að lagt verði sjálfstætt mat á hvort kennitölur réttthafa verði undanþegnar aðgangi, í ljósi framangreindra sjónarmiða. Áréttað er að stofnunin gerir ekki athugasemdir við að kennitölur séu skráðar hjá skráningarstofu vegna nafnaþjónustu, sbr. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Loks er mælt til þess að gengið verði úr skugga um að ekki verði unnt að nota réttthafaskrá í markaðssetningartilgangi, sbr. áðurnefnt álit 29. gr. hópsins (bls. 4), enda væri slíkur aðgangur ekki í samræmi við tilgang skrárinnar. Framangreint væri unnt að tryggja með t.d. aðgangsstýringum.


Jafnframt bendir stofnunin á að í 5. mgr. 8. gr. er vísað til „laga um persónuvernd“, en þar verður að standa „laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga“, sbr. heiti laga nr. 77/2000.

Að öðru leyti en að framan greinir gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við frumvarpið.

#### Samantekt:

1. Lagt er til að bætt verði við ákvæði um að öll meðferð persónuupplýsinga verði í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
2. Lögð er áhersla á að PFS geri vinnslusamning við þann aðila sem hún sendir afrit af réttthafaskrá til, með fyrirætlum um meðferð upplýsinganna.
3. Ekki verði skráðar meiri upplýsingar í réttthafaskrá en þörf er á.
4. Lagt verði mat á það hvaða upplýsingar í réttthafaskrá verði undanþegnar aðgangi, m.a. m.t.t. kennitalna.
5. Lagfært verði orðalag og tilvísun til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Virðingarfyllst

  
Þórunn Sveinsson

  
Helga Grethe Kjartansdóttir



Hjálagt:

Álit 29. gr. hópsins, nr. 2/2003 (on the application of the data protection principles to the Whois directories).







10972/03/EN final  
WP 76

**Opinion 2/2003 on the application of the data protection principles  
to the Whois directories**

**Adopted on the 13 June 2003**

The Working Party has been established by Article 29 of Directive 95/46/EC. It is the independent EU Advisory Body on Data Protection and Privacy. Its tasks are laid down in Article 30 of Directive 95/46/EC and in Article 14 of Directive 97/66/EC. The Secretariat is provided by:

The European Commission, Internal Market DG, Functioning and Impact of the Internal Market. Coordination. Data Protection.  
B-1049 Bruxelles/B-1049 Brussels - Belgium - Office: C100-6/136  
Internet address: [http://europa.eu.int/comm/internal\\_market/en/dataprot/wpdocs/index.htm](http://europa.eu.int/comm/internal_market/en/dataprot/wpdocs/index.htm)

*Opinion on the application of the data protection principles to the Whois directories*

**THE WORKING PARTY ON THE PROTECTION OF INDIVIDUALS WITH REGARD TO THE PROCESSING OF PERSONAL DATA**

set up by Directive 95/46/EC of the European Parliament and of the Council of 24 October 1995<sup>1</sup>,

having regard to Articles 29 and 30 paragraphs 1 (a) and 3 of that Directive, and Article 14 paragraph 3 of Directive 97/66/EC of the European Parliament and of the Council of 15 December 1997

having regard to its Rules of Procedure and in particular to Articles 12 and 14 thereof,

**has adopted the present Opinion:**

**1. Introduction:**

The Whois directories raise several issues from the data protection perspective. *Whois data* relates to those who have registered a domain name and it contains in particular information as to the name of the contact-point for the domain name, including phone number, e-mail address and other personal data. These data were originally made publicly available to give people who operate networks a way of contacting the person technically responsible for another network, another domain, when there was a problem. This purpose is in itself a legitimate purpose.

The Working Party is conscious of the growing importance of the Whois discussion as more and more individuals (private persons) are registering their own domain names and there have been complaints about improper use of the Whois data in several countries. The registration of domain names by individuals raises different legal considerations than that of companies or other legal persons registering domain names, as it will be explained more in detail later on in this opinion.

The Working Party has therefore followed with interest the work of the ICANN Whois Task Force concerning the Whois directories as well as the work undertaken by the International Working Group on Data Protection in Telecommunications concerning this matter<sup>2</sup>.

The Working Party is aware of the fact that a Whois discussion will take place in the framework of the ICANN/GAC conference that will be held in Montreal at the end of June. It would like to contribute to this discussion through this opinion that aims at underlying a number of fundamental questions arising from the application of the data protection principles to the Whois directories. This opinion focuses on the Whois directories but, to the extent that the same or similar circumstances relate to them, the

---

<sup>1</sup> Official Journal no. L 281 of 23/11/1995, p. 31, available at:  
[http://europa.eu.int/comm/internal\\_market/en/media/dataprot/index.htm](http://europa.eu.int/comm/internal_market/en/media/dataprot/index.htm)

<sup>2</sup> Common Position on Privacy and Data Protection aspects of the Registration of Domain Names on the Internet adopted at the 27th meeting of the Working Group on 4/5 May 2000 in Rethymnon / Crete, available at [http://www.datenschutz-berlin.de/doc/int/iwgdp/dns\\_en.htm](http://www.datenschutz-berlin.de/doc/int/iwgdp/dns_en.htm) )



same considerations apply to other registries of domain names and IP addresses at regional level such as RIPE for Europe, AP-NIC for Asia and so on.

## **2. The application of the data protection principles to the Whois directories:**

- From the data protection viewpoint it is essential to determine in very clear terms what is the purpose of the Whois and which purpose(s) can be considered as legitimate and compatible to the original purpose. The reports of the Whois Task Force have failed to address these questions. This is an extremely delicate matter as the purpose of the Whois directories can not be extended to other purposes just because they are considered desirable by some potential users of the directories. Some purposes that could raise data protection (compatibility) issues are for example the use of the data by private sector actors in the framework of self-police activities related to alleged breaches of their rights e.g. in the digital right management field.
- Article 6c of the Directive imposes clear limitations concerning the collection and processing of personal data meaning that data should be relevant and not excessive for the specific purpose. In that light it is essential to limit the amount of personal data to be collected and processed. This should be kept particularly in mind when discussing the wishes of some parties to increase the uniformity of the diverse Whois directories.

The registration of domain names by individuals raises different legal considerations than that of companies or other legal persons registering domain names.

- In the first case, the publication of certain information about the company or organisation (such as their identification and their physical address) is often a requirement by law in the framework of the commercial or professional activities they perform. It should be noted however that, also in the cases of companies or organisations registering domain names, individuals can not be forced to have their name published as contact-point, as a consequence of the right to object.

- In the second case, where an individual registers a domain name, the situation is different and, while it is clear that the identity and contact information should be known to his/her service provider, there is no legal ground justifying the mandatory publication of personal data referring to this person. Such a publication of the personal data of individuals, for instance their address and their telephone number, would conflict with their right to determine whether their personal data are included in a public directory and if so which<sup>3</sup>. The original purpose of the Whois directories can however equally be served as the details of the person are known to the ISP that can, in case of problems related to the site, contact the individual<sup>4</sup>.

- In the light of the proportionality principle, it is necessary to look for less intrusive methods that would still serve the purpose of the Whois directories without having all data directly available on-line to everybody. As it was already mentioned in the introduction, the Internet Service Providers can and are playing in some countries an important role in this field. In any case filter mechanisms

---

<sup>3</sup> Article 12.2 of Directive 2002/58/EC of the European Parliament and of the Council of 12 July 2002 concerning the processing of personal data and the protection of privacy in the electronic communications sector (Directive on privacy and electronic communications).

<sup>4</sup> Such a system has been put in place in several European countries such as for instance France (through AFNIC) and United Kingdom. For instance in the UK individual registrants of domain names ('tag-holders') can have an entry on Whois that is 'care of' their ISP, this means that someone who has a problem with a website can contact its owner through the ISP with no need for the registrant's home address etc. to appear on an open database.

should be developed to secure purpose limitation in the interfaces for accessing the directories.

- The fact that personal data are publicly available does not mean that the requirements of the data protection directive do not apply to that data. On the contrary, as it has been already stated in previous opinions of the Working party<sup>5</sup>, it is perfectly clear from the wording of the data protection legislation that it applies to personal data made publicly available: even after personal data are made public, they are still personal and as a consequence the data subjects can not be deprived of the protection they are entitled to as regards the processing of their data.
- The Working Party is particularly concerned about the proposals regarding more searchable Whois facilities. In that context it would like to mention the conclusions of its Opinion 5/2000 on The Use of Public Directories for Reverse or Multi-criteria Searching Services (Reverse Directories)<sup>6</sup>: the processing of personal data in reverse directories or multi-criteria searching services without unambiguous and informed consent by the individual is unfair and unlawful.
- The Working Party wishes to state its support for the proposals concerning accuracy of the data (which is also one of the principles of the European Data Protection Directive<sup>7</sup>) and limitation of bulk access for direct marketing issues. Bulk use of Whois data for direct marketing is by no means in line with the purpose for which the directories were set up and are being maintained. In the light of the provisions of the electronic communications directive<sup>8</sup> any use of e-mail addresses for direct marketing must be based on opt-in only.

**The Working Party encourages ICANN and the Whois community to look at privacy enhancing ways to run the Whois directories in a way that serves its original purpose whilst protecting the rights of individuals. It should in any case be possible for individuals to register domain names without their personal details appearing on a publicly available register.**

Done at Brussels, on 13 June 2003  
For the Working Party,  
*The Chairman*  
Stefano RODOTA

---

<sup>5</sup> Opinion No. 3/99 on Public sector information and the protection of personal data, WP 20.

<sup>6</sup> [http://europa.eu.int/comm/internal\\_market/en/dataprot/wpdocs/wpdocs\\_2k.htm](http://europa.eu.int/comm/internal_market/en/dataprot/wpdocs/wpdocs_2k.htm)

<sup>7</sup> See article 6d of the Directive.

<sup>8</sup> Directive 2002/58/EC of the European Parliament and of the Council of 12 July 2002 concerning the processing of personal data and the protection of privacy in the electronic communications sector (Directive on privacy and electronic communications).